


Dalalæðan

3.árg. 1.tbl. Janúar 1990



Gleðilegt ár góðir Dalbúar.

Fréttir af fundi

Aðalfundur "Víghóls" var haldinn í Reykjadal 4. nóvember 1989. Aðeins tólf félagsmenn sáu sér fært að mæta á fundinn. Fundarstjóri var Auður Eiríksdóttir og Sigríður Halldórsdóttir ritaði fundargerð.

Fráfarandi stjórn var skipuð þeim Bjarka Bjarnasyni, Guðlaugu Sigurðardóttur og Guðrúnu Karlsdóttur.

Enginn af þeim þremmenningum gaf aftur kost á sér í stjórn og kom því nýtt fólk til skjalanna.

Stjórn félagsins skipa nú:

- Pétur Jökull Hákonarson Brávöllum er formaður.
- Ásgeir Indriðason frá Víðigerði er ritari.
- Auður Eiríksdóttir Laugabóli er gjaldkeri.

Fráfarandi stjórn lagði fram breytingatillögu við 5. grein félagslaganna sem var samþykkt samhljóða.

5. lagagrein Víghóls hljóðar nú þannig:

"Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og skulu að minnsta kosti tveir þeirra vera búsettir í Mosfellsdal."

Á aðalfundinum var kosið í ýmsar nefndir og koma nöfn nefndarfólks fram annars staðar í blaðinu.

Þá var ákveðið að halda bingó núna í vetur og í undirbúningsnefnd voru kosin Jón Jóhannsson í Hveramýri og Birgir Sigurðsson og Hanna Birgisdóttir á Mosfelli.

Þrátt fyrir fámenni á aðalfundinum var hann vel heppnaður og var fólk bjartsýnt á framtíð félagsins.

Egill, Egill herm þú mér -hvar á landi silfrið er...

Í þeim tölublöðum Dalalæðunnar sem hafa komið út , hafa verið birtar ljóð og frásagnir eftir nokkra Dalbúa.

Í fyrst tölublaðinu var birt kvæðið “Nú ríkir kyrrð í djúpum dal” eftir Magnús Gíslason sem ættaður var frá Helgadal.

Dalalæðan kom út í annað sinn í maí 1989 og þá birtsit kvæðisbrot eftir Halldór Laxness og alllöng frásögn eftir Pétur Guðmundsson frá Laxnesi um stúlkuna á Ásum.

Nú er ætlunin að halda áfram á þessari skáldabraut og verður ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur heldur birtur kafli úr Egilssögu. Sagan er ein af þekktustu Íslendingasögnum og talin skrifuð um 1230. Fræðimenn hafa leitt að því rök að Snorri Sturluson sé höfundur sögunnar. Eftirfarandi kafli fjallar um hið margrómaða silfur Egils sem hann faldi hér í Dalnum eins og kunnugt er:

Það var eitt kveld, þá er menn bjuggust til rekkna að Mosfelli, að Egill kallaði til sín þræla tvo, er Grímur átti; hann bað þá taka sér hest - “vil ég fara til laugar.” Og er Egill var búinn, gekk hann út og hafði með sér silfurkistur sínar; hann steig á hest, fór síðan ofan eftir túninu fyrir brekku þá, er þar verður, er menn sáu síðast.

En um morguninn, er menn risu upp, þá sáu þeir, að Egill hvarflaði á holtinu fyrir austan garð og leiddi eftir sér hestinn; fara þeir þá til hans og fluttu hann heim.

En hvorki kom aftur síðan þrælarnir né kisturnar, og eru

þar margar gátur á, hvar Egill hafi fólgið fé sitt. Fyrir austan garð að Mosfelli gengur gil ofan úr fjalli; en það hefir orðið þar til merkja, að í bráðaþeyjum er vatnfall mikið, en eftir það er vötnin hafa fram fallið, hafa fundist í gílinu enskir peningar; geta sumir menn þess, að Egill muni þar fé hafa fólgið. Fyrir neðan tún að Mosfelli er fen stór og furðulega djúp; hafa það margir fyrir satt, að Egill muni þar hafa kastað fé sínu. Fyrir sunnan ána eru laugar og þar skammt frá jarðholur stórar, og geta þess sumir að Egill mundi þar hafa fólgið fé sitt, því að þangað er oftlega sénn haugaeldur. Egill sagði, að hann hefði drepíð þræla Gríms, og svo það, að hann hafði fé sitt fólgið, en það sagði hann engum manni, hvar hann hefði fólgið.

Egill tók sótt eftir haustið, þá er hann leiddi til bana. En er hann var andaður, þá lét Grímur færa Egil í klæði góð; síðan lét hann flytja hann ofan í Tjaldanes og gera þar haug, og var Egill þar í lagður og vopn hans og klæði.”

Síðan þetta var ritað hafa menn leitað í giljum, djúpum fenjum og stórum jarðholum hér í Dalnum og ekkert silfur fundið.

Og þó. - Árið 1962 birtist eftirfarandi frétt í Morgunblaðinu:

Silfur Egils fundið í Mosfellsdal

Stórmerkur fornleifafundur í Kýrgili

Í ljósaskiptunum á föstudaginn fann maður nokkur í Mosellssveitinni hluta af silfri Egils Skallagrímssonar í svonefndu Kýrgili, sem gengur inn í Mosfellið, rétt innan við bæinn á Minna-Mosfelli. Var maðurinn, sem heitir Guðmundur Ásmundsson, að brynna hestum sínum, er hrundi úr bakka undan hesthöfi og glamraði eitthvað við skeifuna. Er hann gáði betur að, fann hann silfurpening fornan. Í gærmorgun er hann gróf á staðnum, komu upp um 30 silfurpeningar. Er jörð mjög frosin og erfitt að leita og má því vera að meira silfur sé þarna.

Guðmundur, sem er búsettur í Mosfellssveit, á góða hesta og temur fyrir aðra. Er hann því oft á ferðinni og fer þá ekki alltaf alfaraleið. Á föstudagskvöldið reið hann upp fyrirnefnt gil, sem er ekki

langt fyrir austan gamla bæjarstaðið á Mosfelli, en gegnum gil þetta má komast beint yfir í Grafardal. Stanzaði hann og ætlaði að brynna hestum sínum og teymdi þá því niður að læk, sem rennur í miðju gilinu. Einmitt á þeim stað hefur nýlega hrundi úr gilinu og liggur lausagrjót ofan á ísnum. Eins og fyrr segir hrundi úr bakka undan höfi og glamraði um leið eitthvað í skeifuna. Valt þar fram slifurpeningur.

Guðmundir var verkfæralaus, en er hann kom heim sýndi hann Jóni Guðmundssyni á Reykjum peninginn. Fór Jón með honum í býtið í gærmorgun á staðinn með reku og er þeir höfðu rótað svolítið til jarðveginum, fóru að koma fleiri silfurpeningar. Jón, sem er fréttaritari Mbl. gerði okkur aðvart og fór ljósmyndari umsvifalaust á staðinn.

Í ljós kom, þegar

peningarnir, sem eru lítil silfurmynt, höfðu verið hreinsaðir og athugaðir með stækkunargleri, að á þeim stendur allflestum að því er virðist áletrunin ANLAF CVNVNC, sem mun merkja “Ólafur konungur” að því er sögu- og myntfróðir menn segja. Á mörgum peningum er áletrunin svo óljós að ekkert verður sagt um hana með vissu, fyrr en sérfræðingar hafa rannsakað peningana. Peningar með fyrrnefndri áletrun eru mjög líklegir til þess að hafa verið í kistunum, eins og síðar verður skýrt frá.

G u ð m u n d u r
Ásmundsson sagði að hann

hefði ekki strax áttað sig á að þarna væri kominn peningur úr fjársjóði Egils, þó að sér hefði þótt það einkennilegt að finna mynt þarna uppi í fjöllum. En svo minntist hann þess, að hann hafði drengur að aldri lesið sögu Egils og einnig heyrt sagt frá því að einhverntíma hefðu fundist silfurpeningar úr sjóðnum í gili skammt austan við Mosfell, og þá verið gerð mikil leit að honum.

Peir sem muna eftir þessari frétt úr Morgunblaðinu muna sjálfsagt líka að hún birtist einmitt **1.apríl.**

Ný bæjarnöfn

Dalalæðan hefur frétt af nýjum bæjarnöfnum í Dalnum:

Skuld heitir þar sem Eggert og Gunna búa (er hægt að venja sig af því að segja Gunna í Dalsgarði?).

Það heitir í Hveramýri þar sem þeir dalsgarðsbræður Gísli og Jón hafa búið sig ásamt spúsum sínum Veru og Pascale að ógleymdum börnunum.

Þess má geta að Hveramýri er gamalt örnefni frá þessu svæði.

Garðar frá Helgadal hefur reist sér og fjölskyldu sinni hús í landi Laugabóls þar sem afi hans og amma “numu land” á sínum tíma. Garðar kallar hús sitt Víðigrund.

Ólafur Þórðarson frá Varmalandi - minning.

Nýgift hjón fluttust í Mosfellsdal í fardögum 1885, að Æsustöðum. Þórður Jónsson (d.1944) var kenndur við Varmá, en Kristín Vigfúsdóttir kona hans (d.1948) var fædd að Hamrakoti í Andakílshreppi, Borgarfirði. Þessara mætu hjóna minnst þeir með þakklæti, sem hér hafa dvalist um langan aldur.

Þeim varð auðið 3 barna, sem öll eru látin. Ólafur bóndi og hreppstjóri á Varmalandi, sem fæddur var 22. jan. 1904, lést 27.júní s.l. og var útför hans gjörð frá Lágafellskirkju.

Kristín Árnadóttir frá Vopnafirði réðst í blóma lífsins vistferlum í Dalinn. Þau Ólafur og Kristín gengu í hjónaband 20. okt. 1934. Samfélag þeirra skar úr um, að Ólafur var hamingjumaður. Þeim varð auðið 3 barna, sem öll lifa föður sinn.

Þau hjón hófu búskap á nýbýlinu að Varmalandi, sem byggt er úr landi Æsustaða, vorið 1935. Reistu þau bæ sinn í túnfætinum, þar sem þá voru heitir hverir.

Ólafur gekkst undir þá nauðsyn landnemans að þurfa að reisa allt frá grunni. Honum var það að vísu skuldbinding, en ekki kvöð, því að honum var jafnan ljúft að sinna starfi sínu hvort sem var við búskap eða á öðrum vettvangi. Bjuggu þau hjón hefðbundnum búskap, en jöfnum höndum stofnaði Ólafur til garðræktar í ylvolum jarðveginum jafnframt því, sem hann hóf ræktun í gróðurhúsum. Er fram liðu stundir, tengdust

störfin einkum kúabúskap og ræktun gróðurhúsanna.

En starfsvettvangur Ólafs á Varmalandi var ekki eingöngu bundinn við dalinn og búskapinn. Hann naut óskoraðs trausts sveitunga sinna og annarra þeirra, sem kynntust honum, enda hlóðust á hann margvísleg félagsmálastörf, þó að hann sæktist ekki eftir. En raunar var hann einlægur áhugamaður um framfaramál við dagrenning nýrra tíma. Þessi starfspáttur Ólafs væri verður rækilegrar umfjöllunar, en hér verður við það látið sitja að telja upp nokkur þau trúnaðarstörf, sem honum voru falin.

Hann var mikill ungmennafélagi og starfaði mjög að málefnum Aftureldingar. Hann sat um árabil í stjórn félagsins, einnig formaður þess. Hann átti og sæti í stjórn Ungmennasambands Kjósarsýslu. Ólafur var formaður sóknarnefndar Lágafellsóknar 1941-1965, á sama tíma gegndi hann starfi meðhjálpara. Árið 1956 var Lágafellskirkja stækkuð og á henni gjörð gagnger endurbót. Hann bar hita og þunga af þeirri framkvæmd. Hann var enn fremur í byggingarnefnd nýrrar kirkju að Mosfelli. Hann var formaður Lestrarfélags Lágafellssóknar frá 1950, sem var gagnmerkur félagsskapur með fornar rætur. Þá var hann og fyrsti formaður Héraðsbókasafns Kjósarsýslu. Sjálfur var hann mikill bókamaður og átti margt góðra bóka, umfram allt var hann þó fróðleiksmaður og mikill kunnandi að kvæðum þjóðskáldanna og öðrum kveðskap. Þá var hann hreppstjóri Mosfellshrepps frá 1959. Og fleiri trúnaðarstörf voru honum falin innan sveitar

og utan, sem hér verða ekki talin.

Ólafur var hvarvetna virkur og tillögugóður, þar sem hann tók þátt í félagsstarfi eða var kvaddur til ábyrgðar. Greiðasemi hans var líka einstök og fúsleiki til að ráða fram úr vanda annarra, engu líkara en honum væri að því hin mesta aufúsa að fá að rétta samferðarmönnum sínum hjálparhönd, en sú hjálparhönd var að jafnaði fram rétt í tæka tíð.

Haustið 1964 brugðu þau hjón búi og fluttust til Reykjavíkur. Eftir áramótin hóf Ólafur störf á Skattstofu Reykjanesumdæmis í Hafnarfirði og gegndi því nálægt öðrum áratug eða til 76 ára aldurs.

Hugur þeirra hjóna hafði allt af staðið til þess að flytjast upp að Varmalandi, þegar um hægðist og þar áttu þau raunar lögheimili alla tíð. Af því gat þó ekki orðið, og erfið ár heilsuleysis fóru í hönd. Draumurinn um Varmaland í Mosfellsdal fyrntist þó aldrei, hvorki í vöku né svefni.

Mosdælir að fornu og nýju kveðja horfinn drengskaparmann með þökk.

Bjarni Sigurðsson.

Ólöf Kristjánsdóttir, Víði.

F. 27.4.1971 - D. 30.5.1989

Ólöf ólst upp í foreldrahúsum hjá Eygerði Ingimundardóttur og Kristjáni Ólafssyni við elskuríka umhyggju. En Víðir stendur í túnfæti áa hennar og afa á Hrísrú. Hún var heilbriggt og fjörmikið barn, og átti því láni að fagna að eiga kraftmikinn og kærleiksríkan systkinahóp, þar sem samkennd, gáski og hlýjar tilfinningar réðu daglegu atferli. Þessi hópur hefur líka átt greiðan aðgang að grönnum og frændfólki, þar sem myndast hafa sterk og mikilvæg vináttubönd. Ólöf var hamingjusamt barn og undi sér glöð á æskuslóðum sínum. Í skólanum hér varð henni vel til vina. Hun var einörð í framkomu, en þó ljúflynd að eðlisfari og drengilegur vinur. Líf og náttúra hreif hana auðveldlega, því hún var mikill dýravinur og hafði næma tilfinningu fyrir öllum gróanda og yndisleik vallarins. Hennar bestu stundir voru sjálfsagt í félagi hests og góðra vina.

Leið hennar lá austur í Skógaskóla, þar sem hún undi sér afar vel og eignaðist þar marga góða vini. Þar þroskaðist hún mjög og var þessi tími henni mjög dýrmætur.

Ólöf var mikil myndarstúlka. Hún hafði yfir sér svip hreinlyndis og einlægni. Með sinni léttu lund, glettni og hreinskilni ávann hún sér vináttu og elsku þeirra sem kynntust henni.

Hennar er sárt saknað. Góður guð blessi minningu hennar.

Birgir Ásgeirsson

Árni Magnússon, Víðihóli

F. 9.1.1912 - D. 6.12.1989

Árni fæddist í Reykjavík, en var alinn upp á Mosfelli, hjá foreldrum sínum sr. Magnúsi Þorsteinssyni og Valgerði Gísladóttur, til tíu ára aldurs, en þá lést sr. Magnús, mörgum harmdauði. Valgerður var mikil dugnaðarkona, sjálfstæð í hugsun og framkvæmd. Árni var nú hjá henni til fullorðinsára. Hann fór snemma að hjálpa til með að vinna hér og þar, oftast við vegavinnu og reyndi þá oft á líkamlega burði og manndóm. Árni lauk gagnfræðaprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík. Árið 1935 réðst hann til Rafmagnsveitu Reykjavíkur og vann lengst af í spennistöðvardeild. Honum farnaðist þar svo vel að hann var ráðinn verkstjóri yfir deildinni og var það í mörg ár. Árni gekk jafnan á undan mönnum sínum til verka. Ósérhlífni, verksvit og starfsgleði fór þar saman og efldi vinnufélaga hans til margra afreka, oft í vondum veðrum við erfiðar vinnuaðstæður. Farsælli starfsævi lauk Árni hjá RR árið 1976 eftir 41 árs þjónustu við samborgara sína.

Árni kvæntist Guðrúnu Elísabetu Þórðardóttir árið 1939. Þau reistu sér hús í Heiðargerði 1, sem er ákaflega fallett og fagurt vitni þeirrar vandvirkni og lagni, sem einkenndi handbragð Árna alla tíð. Þeirra börn eru tvö: Þórdís, gift Ingvari Birgi Friðleifssyni. Og Þórður, sem er hljóðfæraleikari og býr í Reykjavík.

Árið 1973 fluttust þau Árni og Guðrún alfarið upp í Mosfellsdal, þar sem þeir bræður Árni og Ólafur höfðu byggt

sér sitthvern bústaðinn og kölluðu á Víðihóli. Þessi staður var Árna einkar kær og margt handtakið inní hann þar af hendi af mikilli alúð og elju. Allt starf hans þar, hvort sem það var trjárækt, gróðurhúsavinna, verkfærasmíð eða það eitt að fylgjast með veðri og vindum eða ræða landsins gagn og nauðsynjar, var Árna mikil lífsfylling. Það var enda mörgum mikið ánægjuefni að eiga samfélag við hann.

Árni var óvenjulegur á margan hátt. Skoðanir hans voru ekki hefðbundnar og byggðust á einlægni og sannleiksleit. Þegar hann ferðaðist, fór hann ekki alfaraleið, heldur kaus hann að skoða eitthvað nýtt, sem var þá í senn forvitnilegrt og uppbyggilegt. Fyrir Árna var það sérstök lífsnautn að geta glaðst yfir gengnum degi og góðu dagsverki.

Árni hafði ekki gengið heill til skógar um nokkurt skeið sökum alvarlegra veikinda, en var þeim mun þakklátari hverjum degi sem gafst. Með Árna er genginn drengur góður og eftirminnilegur persónuleiki. Góður guð blessi minningu hans.

Birgir Ásgeirsson.

Verkefni Víghóls.

Fráfarandi stjórn hafði mörg verkefni á sinni könnu. Nýja stjórnin mun halda áfram á svipaðri braut. Fyrir utan fasta liði í starfinu s.s. þorablót og jólaball hefur félagið stuðlað að varðveislu menningarverðmæta s.s. söfnun örnefna.

Þá hefur félagið haft afskipti af nokkrum sameiginlegum hagsmunamálum Dalbúa.

Sem dæmi um slíkt má nefna að Víghóll hefur látið í sér heyra varðandi úrbætur í umferðamálum hér í Dalnum hvað snertir göngustíg og lýsingu meðfram þjóðveginum.

Ekki hafa verið unnir stórir sigrar í þessum efnum en nú virðist loks einhver hreyfing vera að komast á þessi mál í stjórnkerfinu og mun stjórn Víghóls fylgjast náið með þróun þessara mála.

Þá hefur félagið sent bæjaryfirvöldum bréf þar sem jarðrask Fellalax á bökkum Köldukvíslar er gagnrýnt. Bæjarstjórn hefur ályktað um málið og er Fellalaxi gert að koma landsvæðinu í sitt fyrra horf.

Oft spjalla menn sín á milli um ýmis framframál hér í Dalnum. En of oft er þessi umræða bundin við eldhúskolla og sófasett þannig að minna verður úr verki.

En Dalbúar! Látið í ykkur heyra um mál sem tengjast okkur sem bygjum þennan dal. Sýnum samstöðu.

VÍGHÓLL ER VETTVANGUR OKKAR ALLRA!

Félagslög Víghóls

sem eru samtök íbúa í Mosfellsdal.

Lögin voru samþykkt á aðalfundi félagsins 14. nóv.1987 og var breyting við 5. grein samþykkt á aðalfundi 1989.

1.gr. Félagið heitir Víghóll - samtök íbúa í Mosfellsdal.

2.gr.Hlutverk félagsins er:

- a) að auka félagsleg samskipti Dalbúa svo og þeirra sem brottfluttir eru.
- b) að standa vörð um sameiginleg hagsmunamál Dalbúa.
- c) að stuðla að varðveislu menningarverðmæta í Mosfellsdal.
- d) að vinna að umhverfisfegrun í Dalnum.

3.gr.Allir þeir sem lögheimili eiga í Mosfellsdal verða sjálkrafa félagar í Víghól. Aðrir sem óska eftir aðild þurfa ða fá samþykki allra stjórnarmanna.

4.gr.Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 7. nóvember ár hvert og til hans boðað með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Kosningarétt á aðalfundi hafa þeir félagsmenn sem náð hafa tólf ára aldri.

5.gr.Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og skulu a.m.k. tveir þeirra vera búsettir í Mosfellsdal. Stjórnarmenn skulu skipta með sér verkum.

6.gr.Dagskrá aðalfundarins skal vera þannig:

- a) ársskýrsla fráfarandi stjórnar.
- b) reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- c) kosning stjórnar.
- d) kosning endurskoðanda.
- e) kosning í fastanefndir.
- f) lagabreytingar.
- g) önnur mál.

Jólasveinar í hjólbörum.

Á þrettándanum var haldið myndarlegt jólaball Dalbúa í Reykjadal. Talið er að um sextíu manns hafi sótt ballið og er það langfjölmennasta jólaballið í Dalnum til þessa.

Dansað var í kringum jólatréð og jólasveinarnir Kertasníkir og Gluggagægir komu í heimsókn akandi í hjólbörum!

Veitingar voru ómældar á skemmtuninni bæði kaffi, öl og kökur.

Þessum fagnaði lauk með flugeldasýningu.

Í undirbúningsnefndinni voru Sigurlína í Reykjadal, Hlíf H. á Æsustöðum, Vera í Hveramýri og Ása á Hrísrú.

Mannfjöldi og merkisafmæli.

Vissir þú að íbúar Mosfellsdals eru nálægt 200 að tölu og um 50 einkaheimili eru í Dalnum?

Elstu Dalbúarnir sem enn eru búsettir hér eru heiðurskonurnar Elínborg Andrésdóttir á Hrísrú og Katrín Guðmundsdóttir á Minna-Mosfelli. Þær verða báðar níræðar á þessu ári.

Tveir gamalkunnir Dalbúar hafa nýlega átt stórafmæli: Guðjóna á Norður-Reykjum var áttæð þann 25. nóvember síðastliðinn og Ólafur Magnússon frá Mosfelli var áttæður á nýársdag.

- Og fleiri tölur:

Fyrir réttum eitt hundrað árum voru 65 íbúar í Mosfellsdal samkvæmt Sóknarmannatali Lágafellssóknar. Aðeins 10 bæir voru í byggð þá og íbúafjöldinn skiptist þannig á milli bæjanna:

-Hlaðgerðakot 2

-Bringur 2

-Norður-Reykir 6

-Mosfell 11

-Æsustaðir 4

-Minna-Mosfell 7

-Helgadalur 5

-Hrísbrú 12

-Hraðastaðir 7

-Laxnes 9

Þjóðhátíðaaárið 1974 voru íbúar Dalsins 164 samkvæmt íbúaskrá hagstofunnar og skiptust niður á 27 heimili.

Skrúðgarður í Dalnum

Gróðursetningardagur á spildunni fyrir vestan Furuvelli hefur verið fastur liður í starfsemi félagsins undanfarin þrjú ár. Þá gáfu hjónin frá Melkoti fé til ræktunar á þessari spildu. Var það gert til minningar um Guðmund Bjarnason frá Mosfelli sem hóf trjárækt á þessu svæði. Sérstök nefnd sér um þennan reit og var hún endurkosin á síðasta aðalfundi. Í nefndinni eru:

- Fróði í Dalsgarði.
- Guðný í Melkoti.
- Björn á Hreggstöðum.
- Gísli í Hveramýri.

Á aðalfundinum var einnig samþykkt að halda sumarhátíð Dalbúa árið 1990 á reitnum og voru þær Guðrún Jóhannsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir kosnar til starfa með gróðurreitsnefndinni að undirbúingi þessarar hátíðar í sumar.

Stjórn félagsins og gróðurreitsnefndin hefur áhuga á að finna heppilegt nafn á þennan væntanlega skrúðgarð okkar Dalbúa. Þess vegna er hér með auglýst eftir tillögum að nafni fyrir garðinn.

Í júní 1988 afsöluðu leiguhafar spildunnar yfirráðaréttinum í hendur Víghól eins og fram kemur á meðfylgjandi yfirlýsingu:

Samkvæmt leigusamningi undirrituðum í skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði 31. des. 1975 höfum við frá þeim degi að telja á leigu þá 2 hektara lands, sem Mosfellskirkja á á Mosfellsvíði úr landi Laugabóls. Mörk landsins eru nánar greind í afsali Erlings Ólafssonar til kirkjunnar dagsettu 20. des. 1975. Sjá enn fremur uppdrátt. Leigutíminn er 50 ár frá undirritun samnings.

Hér með afsölum við okkur með öllu réttindum á austurhluta téðrar landspildu, þeim sam við öðluðumst með greindum leigusamningi, í hendur félagsins Víghóls. Er það félagsskapur íbúa í Mosfelssdal, sem hyggst efna til skruðgarðs á landspildunni almenningi til nytja.

Upphaflega er til þessara framkvæmda stofnað til minningar um Guðmund Bjarnason.

Stærð spildunnar: Austurhlið 86 m, suðurhlið 89,60 m, vesturhlið, sem er þegar afmörkuð með girðingu í umsjá félagsins, 86 m, norðurhlið 89 m.

Afgjald eftir spilduna greiðum við undirritaðir eftir sem áður.

Í Mosfellsdal, á lýðveldisdaginn 1988

Bjarki Bjarnason.
Bjarki Bjarnason

Bjarni Sigurðsson
Bjarni Sigurðsson

Áramótabrenna.

Áramótabrenna Dalbúa á Hrísbúareyrum hefur fyrir löngu unnið sér fastan sess. Það er orðin hefð að kveikja í kestinum um núfuleytið og þá drífur fólk að á svipstundu. Síðastliðið gamlárskvöld leit ekki sérlega vel út með brennumál. Það rigndi gegndarlaust allan daginn og vindurinn hvein. En veðurguðirnir brugðust okkur ekki. Veðrið datt niður einmitt þegar mest lá við og það stytta upp. Fólkíð lét sig ekki vanta og það var bæði dansað og sungið kringum brennuna. Lúðrasveitin var að sjálfsgöðu mætt og hefur líklega aldrei verið jafnfjöldmenn.

Ómar á Laugabóli vakti mikla athygli fyrir skemmtilegan trommuleik og hljómsveitin státaði meira að segja af túbuleikara! Lengi hefur verið skortur á túbuleikara í Dalnum sem á sér líklega þá sögulegu skýringu að krökkum úr Dalnum þótti erfitt að rogast með svo stórt hljóðfæri alla leið hingað heim í heiðardalinn . . . - En nú er sem sagt kominn túbuleikari í Lúðrasveit Dalbúa og heitir hann Óskar Guðmundsson. Svo skemmtilega vill til að Óskar er ættaður hédan úr Dalnum - afkomandi Bjarnveigar og Guðmundar í Seljabrekku.

Porrablót.

Gömlu íslensku mánaðarnöfnin eru sum skringileg. Þegar þetta er skrifað (15.jan.) er mörsugur en þann 19. janúar er í senn bóndadagur, miður vetur og þorri gengur í garð. Nafnið bóndadagur má líflaga rekja til skýringar sem er að finna í þjóðsögum Jóns Árnasonar:

“Það var skylda bænda að fagna þorra eða bjóða honum í garð með því að þeir áttu að fara fyrstir á fætur allra manna á bænum þann morgun sem þorri gekk í garð. Áttu þeir að fara ofan og út í skyrtunni einni, vera bæði berlæraðir og berfættir, en fara í aðra brókarskálmina og láta hina svo lafa eða draga hana eftir sér á öðrum fæti, ganga svo til dyra, ljúka upp bæjarhurðinni, hoppa á öðrum fæti í kringum allan bæinn, draga eftir sér brókina á hinum og bjóða þorra velkominn í garð eða til húsa. “

Ekki skal getum að því leitt hvort bændur í Mosfellsdal hafi hökt á nærhaldinu kringum bæinn sinn hér á fyrri tíð en að minnsta kosti er sá siður aflagður núna.

En þorrablót Dalbúa er síður en svo fyrir bý þótt það hafi fallið niður í fyrra vegna veðurs. (Væntanlega éta menn og drekka helmingi meira í ár fyrir vikið!)

Blótið verður haldið þann 27. janúar í Hlégarði.

Í undirbúningsnefndinni er úrvalsfólk: Ásgerður Gísladóttir, Eygerður Ingimundardóttir, Guðjón Bjarnason og Gísli Snorrason.

Hljómsveitin TRÍÓ '88 mun sjá um að fimir fætur fái nóg að gera fram eftir nóttu og auðvitað verður boðið upp á heimatilbúin skemmtiatriði.

Fjölmönnum á blótið þann 27. janúar og látum brottflutta Dalbúa vita.



Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.
Ritnefnd: Bjarki Bjarnason (ábm.), Auður Eiríksdóttir, Pétur
Jökull Hákonarson og Ásgeir Indriðason.
Tölvuvinnsla: Birgir Ingimarsson.